

Fullt út úr dyrum á mótmælafundi gegn niðurskurði á Landspítala

# „Ríkisstjórnin efnir til ófriðar“

„Það er kominn tími til að fólk taki sig saman og hrindi þessari mannfyrirlitningarstefnu,“ sagði Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, og þurfti að gera hlé á ræðu sinni vegna lófataks á fundi í Austurbæ í gær, þar sem niðurskurði á Landspítala var mótmælt. Á sjötta hundrad manns mætti á fundinn, en að honum stóðu níu samtök sjúklinga og launþegahreyfingarinnar. Sigursteinn sagði stjórnvöld líta á heilbrigðiskerfið sem sjoppurekstur, sem einfaldlega væri hægt að loka tveimur tímum fyrr ef hagræða þyrfti. Um leið væri verið að ógna öryggi sjúklinga.

„Hvers konar heilbrigðisstefna er það sem eykur vanlíðan sjúklinga?“ spurði hann.

„Við erum að verða vitni að handstýrðri kreppu sem stjórnvöld eru að stefna spítalanum í, með það fyrir

augum að einkavæða heilbrigðiskerfið. Um leið skirrast þau ekki við að tefla lífi sjúklinga í hættu,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, Sjúkrahlífafélagi Íslands og BSRB.

## Munu aldrei komast upp með niðurskurðinn

Fundarmenn voru sannfærðir um að það tækist að hrinda ákvörðum stjórnvalda.

„Í fyrsta skipti eru fagstéttir í heilbrigðiskerfinu og samtök sjúklinga að bindast samtökum um að hrinda ákvörðun sem byggist á vanhugsun og jafnvel mannfyrirlitningu. Ef almenningur beitir sér með, er hægt að breyta þessari ákvörðun – ef við búum í lýðræðisríki,“ segir Sigursteinn.

„Ég er sannfærð um að ríkisstjórnin mun aldrei komast upp með þenn-

an niðurskurð. Fólkid mun knýja stjórnvöld til að hörfa með þessi mál, enda eru þau að efna til mikils ófriðar í þjóðfélaginu,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.

## Þjóðarsátt rofin

„Með þessum aðgerðum stjórnvalda er verið að rjúfa þjóðarsátt um gott heilbrigðiskerfi og afleiðingarnar geta orðið mjög alvarlegar,“ sagði í ályktun fundarins. Að fundinum stóðu Geðhjálpar, Landssamband eldri borgara, Landssamtök hjartasjúklinga, Umhyggja, Öryrkjabandalag Íslands, Alþýðusamband Íslands, BHM, BSRB og Læknafélag Íslands. Auk þess hafa hjúkrunarfræðingar, brjóstholssjúklingar, vísindamenn og fleiri hópar mótmælt niðurskurðinum.

„Mér er kunnugt um afstöðu þessara samtaka. Þetta eru erfiðar aðgerðir og það er alltaf erfitt þegar þarf að segja upp fólk. Þetta er viðkvæm starfsemi og þetta vekur athygli þess vegna,“ segir Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra.

## Bráðamóttöku ekki lokað?

Stjórnendur spítalans leita nú leiða til að þurfa ekki að loka bráðamóttöku á Hringbraut um helgar, en áköf mótmælaalda hefur risið gegn því, og telja bæði hjartasjúklingar og hjartalæknar að mannlíf séu í húfi.

„Við höfum alltaf lagt á það áherslu að öryggi spítalans verði tryggt þrátt



Um 600 manns mættu Sjúklingar fjölmenntu ásamt launþegum.

fyrir hagræðingu. Athuganir forsvarsmanna spítalans eru í þeim anda,“ segir Jón Kristjánsson.

„Öryggismál verða að vera í brennidepli, svo ég hlýtt að vera samþykkur því að menn fari yfir þessa ákvörðun. Ég ber fyllsta traust til forystu spítalans, þeir eru að vinna erfitt verk og hafa tekið á því af mikilli ábyrgð.“

brynja@dv.is